

## Fundargerð nr. 180

### 180. fundur fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga haldinn 14. mars 2017 kl. 10:30

Mætt: Ágústa Ragnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Róbert Darling, Helga Sighvatsdóttir og Sandra Dís Hafþórsdóttir.

#### 1. Kjarasamningshækkunir

Kjarasamningar við tónlistarkennara í FT voru undirritaðir 31. janúar. Við það var fjárhagsáætlun ársins 2017 endurskoðuð og lögð fram að nýju. Framlög sveitarfélaganna aukast um 45 milljónir frá fyrri áætlun úr 214 milljónum í 259 milljónir. Í sjóði voru 8 milljónir sem koma til lækkunar á greiðslu sveitarfélaganna. Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga fagnar því að samið hafið verið við tónlistarkennara.

#### 2. Heimsóknir fagráðs og stjórnenda á kennslustaði

Rætt um fyrirhugaða heimsókn fagráðsins og stjórnenda tónlistarskólans á kennslustaði skólans 21. mars nk.

#### 3. Forskólakynningar

Forskólakynningarnar ganga mjög vel og mikil ánægja virðist vera með þetta fyrirkomulag.

Fundi slitið kl. 11:00/SDH

Halldóra Hjörleifsdóttir  
Ágústa Ragnarsdóttir  
Sandra Dís Hafþórsdóttir  
Róbert Darling  
Helga Sighvatsdóttir